

SKIPULAG BYGGÐAR OG MÓTUN UMHERFIS

Hvernig getur þú haft áhrif?

Ákvarðanir um nýja byggð og mannvirki varða hagsmuni almennings og geta haft í för með sér miklar breytingar á umhverfinu.

Lög um skipulagsmál og umhverfismat tryggja rétt almennings til að fylgjast með og taka þátt í mótun tillagna um fyrirkomulag byggðar og mótun umhverfis.



Skipulagsstofnun

Hvað er skipulag?

Skipulag er formleg, bindandi áætlun sveitarstjórnar um fyrirkomulag byggðar og mótun umhverfis. Í skipulagi er ákveðið hvernig landi skuli ráðstafað, til dæmis fyrir íbúðarbyggð, frístundabyggð, verslun, náttúruvernd eða landbúnað. Þar eru líka teknar ákvarðanir um fyrirkomulag gatna og lóða og settar reglur um hönnun einstakra bygginga, svo sem um hæðafjölda, byggingarefni, þakform og fjölda íbúða.

Skipulag á að tryggja að land sé nýtt á hagkvæman hátt með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Sveitarstjórnir vinna þrennskonar skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum:

Svæðisskipulag. Samræmd stefna tveggja eða fleiri sveitarfélaga um sameiginleg hagsmunamál, svo sem megin samgönguæðar eða vatnsverndarsvæði.

Aðalskipulag. Stefna sveitarfélags um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar í öllu sveitarfélaginu.

Deiliskipulag. Nær yfir smærri svæði, til dæmis einstök hverfi eða götoreiti. Felur í sér nákvæmari ákvæði um einstakar lóðir og byggingar.

Fyrir landið í heild er unnin **landsskipulagsstefna**. Þar eru sett fram leiðarljós og stefna um skipulagsmál. Landsskipulagsstefnan skal lögð til grundvallar við skipulagsgerð sveitarfélaga.

Byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi sveitarstjórna þurfa að vera í samræmi við skipulag.


Hvað er umhverfismat?

Umhverfismat felst í að meta og upplýsa um líkleg áhrif af skipulagi og framkvæmdum á umhverfi og samfélag. Niðurstöðu matsins skal nýta við útfærslu skipulags og framkvæmda þannig að dregið verði úr neikvæðum áhrifum áður en ákvörðun er tekin um endanlegt skipulag og útgáfu leyfa.

Umhverfismat skipulagsáætlana ber að vinna samhliða mótun skipulagstillögu. Það getur til dæmis verið gert með því að bera saman umhverfisáhrif ólíkra kosta um uppbyggingu þess svæðis sem skipulagið fjallar um.

Mat á umhverfisáhrifum skal ávallt unnið fyrir tiltekna stærri framkvæmdir, svo sem umfangsmikla vegagerð, háspennulínur, stóra efnistöðustaði og virkjanir. Einnig eru tilgreindar aðrar framkvæmdir í lögum um mat á umhverfisáhrifum sem eru tilkynningarskyldar. Fyrir þær er ákveðið í hverju tilviki hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati.

Ekki er heimilt að veita leyfi til framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum fyrr en umhverfismati er lokið eða fyrir liggur ákvörðun um að umrædd framkvæmd skuli ekki háð umhverfismati. Leyfisveitendur skulu taka mið af niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum við afgreiðslu leyfisumsókna.



Skipulagsgerð

Hvenær getur þú komið að málum?

SVEITARSTJÓRN

Lýsing skipulags

Sveitarstjórn byrjar vinnu við skipulag með gerð „lýsingar“ þar sem m.a. er lýst markmiðum með skipulagstillögunni og hvernig staðið verður að skipulagsgerðinni.

Vinna hefst við tillögugerð

Sveitarstjórn hefur hliðsjón af athugasemdum sem bárust við „lýsingu“ og vinnur að gerð skipulagstillögunnar.

Tillaga samþykkt til kynningar

Skipulagstillaga er samþykkt í sveitarstjórn til formlegrar kynningar.

Skipulag samþykkt

Sveitarstjórn vinnur úr framkomnum athugasemdum og breytir eftir atvikum skipulagstillögunni áður en hún samþykkir endanlegt skipulag.

SKIPULAGSSTOFNUN

Umsögn um lýsingu

Skipulagsstofnun gefur sveitarfélaginu umsögn um „lýsinguna“.

Umsögn um tillögu

Í tilviki aðalskipulags gefur Skipulagsstofnun sveitarfélaginu umsögn um skipulagstillöguna áður en hún er auglýst.

Yfirferð / staðfesting

Sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun samþykkt skipulag. Aðalskipulag er háð staðfestingu Skipulagsstofnunar, en deiliskipulag er eingöngu sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og varðveislu.

ALMENNINGUR

Kynning á lýsingu

Sveitarstjórn kynnir „lýsinguna“ opinberlega. Almennungi gefst kostur á að koma ábendingum og athugasemdum á framfæri við sveitarfélagið.

Samráð við almenning

Kynning og samráð sveitarfélagsins við almenning við vinnslu skipulagstillögunnar fer eftir aðstæðum í hverju tilviki, í samræmi við það sem lýst er í „lýsingu“ fyrir viðkomandi skipulagsverkefni.

Þegar fyrir liggur endanleg skipulagstillaga er hún kynnt á íbúafundi eða á annan hátt.

Tillaga auglýst

Sveitarstjórn auglýsir skipulagstillöguna til formlegrar kynningar. Tillagan er aðgengileg á vef sveitarfélagsins og víðar.

Almennungi gefst kostur á að kynna sér tillöguna og koma ábendingum og athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn.

Svör við athugasemdum

Sveitarstjórn sendir þeim sem gerðu athugasemdir svör sín við framkomnum athugasemdum og tilkynnir um endanlega samþykkt skipulagsins með opinberri auglýsingu.

Gildistaka

Sveitarstjórn auglýsir gildistöku deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Gildistaka

Skipulagsstofnun auglýsir gildistöku aðalskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Kæruheimild

Þeir sem eiga lögvarða hagsmuni og tiltekin félagasamtök geta kært leyfisveitingu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Einfölduð mynd af skipulagsferli aðal- og deiliskipulags. Ferli við gerð svæðisskipulags er sambærilegt, en þá fer svæðisskipulagsnefnd með málið fyrir hönd hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Auk sveitarfélags, Skipulagsstofnunar og almennings koma ýmsar opinberar stofnanir að skipulagsferlinu sem umsagnaraðilar.

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Hvenær getur þú komið að málum?

FRAMKVÆMDARAÐILI

Drög að matsáætlun

Framkvæmdaraðili vinnur drög að matsáætlun þar sem framkvæmdin er kynnt og lýst hvernig fyrirhugað er að standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Tillaga að matsáætlun

Framkvæmdaraðili hefur hliðsjón af athugasemdum sem bárust við drög að matsáætlun og gengur frá tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar.

Umhverfisáhrif metin

Framkvæmdaraðili vinnur mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun.

Frummatskýrsla

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sett fram í frummatskýrslu og lögð fram til Skipulagsstofnunar.

Matsskýrsla

Framkvæmdaraðili vinnur úr athugasemdum og umsögnum og gerir grein fyrir afstöðu sinni til þeirra í matsskýrslu.

SKIPULAGSSTOFNUN

Ákvörðun um matsáætlun

Skipulagsstofnun afgreiðir matsáætlun, sem lýsir því hvernig skuli standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar

Frummatskýrsla auglýst

Skipulagsstofnun tekur saman athugasemdir frá almenningi ásamt umsögnum stofnana og sveitarfélaga og sendir framkvæmdaraðila til úrvinnslu.

Álit

Framkvæmdaraðili leggur matsskýrslu fram til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun vinnur álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar byggt á matsskýrslu og kynnir framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og almenningi.

ALMENNINGUR

Drög að matsáætlun kynnt

Framkvæmdaraðili kynnir drög að matsáætlun opinberlega. Almennigur getur komið athugasemdum á framfæri til framkvæmdaraðila.

Tillaga að matsáætlun á vef Skipulagsstofnunar

Tillagan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar. Almennigur getur komið athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun.

Samráð við almenning

Kynning og samráð við almenning við vinnslu frummatskýrslu fer eftir aðstæðum í hverju tilviki, í samræmi við það sem lýst var í matsáætlun.

Frummatskýrsla auglýst

Skipulagsstofnun auglýsir frummatskýrslu. Aðgengileg á vef stofnunarinnar.

Almennigur getur kynnt sér skýrsluna og komið athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun.

Sótt um leyfi

Framkvæmdaraðili sækir um framkvæmdaleyfi til viðkomandi sveitarfélags og eftir atvikum annarra leyfisveitenda til dæmis vegna starfsleyfa. Leyfisveiting skal taka mið af mati á umhverfisáhrifum.

Kæruheimild

Leyfisveitendur birta auglýsingu um samþykkt sína á leyfisumsókn.

Þeir sem eiga lögvarða hagsmuni og tiltekin félagasamtök geta kært leyfisveitingu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Einfölduð mynd af helstu áföngum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Auk framkvæmdaraðila, Skipulagsstofnunar og almennings koma sveitarfélög og ýmsar opinberar stofnanir að matsferlinu sem umsagnaraðilar.

Hverjir gera hvað?

Mikilvægt er að sjónarmið almennings komi fram við gerð skipulags og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.



Sveitarfélög vinna og samþykkja aðalskipulag, deiliskipulag og svæðisskipulag. Þau veita líka byggingar- og framkvæmdaleyfi og hafa eftirlit með framfylgd leyfa.

Framkvæmdaraðilar óska eftir ákvörðun um hvort tilkynningarskyldar framkvæmdir skuli háðar umhverfismati og leggja mat á umhverfisáhrif matsskyldra framkvæmda.

Landeigendur og framkvæmdaraðilar geta unnið tillögur að deiliskipulagi og lagt fyrir sveitarstjórn til kynningar og afgreiðslu, að fenginni heimild sveitarstjórnar.

Ýmsar opinberar stofnanir veita umsagnir um tiltekna þætti við gerð skipulags og mat á umhverfisáhrifum. Til dæmis veitir Umhverfisstofnun umsagnir um náttúruvernd og mengunarmál og Minjastofnun Íslands um fornleifar og húsavernd.

Almenningur


- Kemur að málum með því að upplýsa um staðhætti og aðstæður á því svæði sem er til umfjöllunar.
- Getur líka komið að mótun hugmynda um útfærslu byggðar og framkvæmda.
- Getur lagt til að aðrar útfærslur verði skoðaðar eða umhverfismetnar.
- Getur gert athugasemdir sem lúta að áhrifum þeirra áforma sem kynnt hafa verið.

Skipulagsstofnun

- Veitir leiðbeiningar um skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismat áætlaða.
- Vinnur tillögu að landsskipulagsstefnu fyrir hönd umhverfis- og auðlindaráðherra.
- Fer yfir skipulagstillögur sveitarfélaga, aðalskipulag, deiliskipulag og svæðisskipulag.
- Staðfestir aðal- og svæðisskipulag.
- Tekur ákvarðanir um matsskyldu framkvæmda.
- Afgreiðir matsáætlanir framkvæmdaraðila fyrir mat á umhverfisáhrifum.
- Kynnir frummatsskýrslur framkvæmdaraðila opinberlega og tekur við athugasemdum frá almenningi við þær.
- Gefur út álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda byggt á matsskýrslu framkvæmdaraðila.
- Varðveitir gagnasafn yfir gildandi skipulagsáætlanir og framkvæmdir sem farið hafa í mat á umhverfisáhrifum.

Nánari upplýsingar

Skipulag í þínu nágrenni í skipulagsvefsjá



The screenshot shows the website for the Reykjavik Planning Authority (Skipulagsstofnun). The main content is a map of Reykjavik with a blue highlighted area in the northern part of the city. To the right of the map is a sidebar with the following information:

- Helli:** Stgr. 1.193, Heiluvendarréttur
- Mátameðferð:** Deilisköng, Nýb DÖK
- Samþykkt/Útáfest:** 11.04.2003
- Daga B. deildir augl.:** 10.06.2003
- Svettarfélag:** 0000 Reykjavík
- Skipulagsnúmer:** 5365
- Númer máls:** 2003060024

Below the sidebar are two PDF download links:

- Skipulagsáætlun:** [Sækja](#) (3.99 MB)
- Skiptingaráætlun:** [Sækja](#) (2.31 MB)

At the bottom of the page, there is a footer with contact information: Skipulagsstofnun - Laugavegi 166 - 105 Reykjavík - Sími: 595 4100 - Fax: 595 4165 - Netfang: skipulagsstofnun@skipulagsstofnun.is

- Í skipulagsvefsjá á vef Skipulagsstofnunar má nálgast upplýsingar um gildandi skipulagsáætlanir á öllu landinu.
- Á vef Skipulagsstofnunar eru einnig upplýsingar um framkvæmdir sem farið hafa í mat á umhverfisáhrifum og um framkvæmdir sem hafa verið tilkynntar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort þær skuli háðar umhverfismati.
- Þú getur líka fylgst með Skipulagsstofnun á Facebook. Þar eru birtar upplýsingar um auglýstar aðalskipulagstillögur og framkvæmdir sem fara í mat á umhverfisáhrifum auk annars efnis um skipulagsmál og umhverfismat.

www.skipulagsstofnun.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Útgáfa: Skipulagsstofnun, nóv. 2013.
Prentun: Svansprent. Hönnun: Hvíta húsið

